

**TILSKIPUN RÁÐSINS 93/57/EBE**

frá 29. júní 1993

**um breytingu á viðaukunum við tilskipanir 86/362/EBE og 86/363/EBE um hámarks-  
magn varnarefnaleifa í og á kornvörum og matvælum úr dýraríkinu**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. og 100. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/362/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á kornvörum <sup>(1)</sup>, einkum 11. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/363/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á matvælum úr dýraríkinu <sup>(2)</sup>, einkum 11. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Skrána í I. viðauka við bæði tilskipun 86/362/EBE og 86/363/EBE ber að uppfæra svo hún verði í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2587/91 <sup>(3)</sup>.

Einnig ber að útvíkka gildissvið I. viðauka við tilskipun 86/362/EBE þannig að það ná til afhýddra hrísgrjóna, hálfmalaðra eða fullmalaðra hrísgrjóna auk hýðisgrjóna eða grófra hrísgrjóna þar sem umtalsverðu magni hrísgrjóna er komið í umferð.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 221, 7. 8. 1986, bls. 37. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 90/654/EBE Stjttíð. EB nr. L 353, 17. 12. 1990, bls. 48.<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 221, 7. 8. 1986, bls. 43.<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 259, 26. 7. 1991, bls. 1.

Í ljósi aukinnar þekkingar á sviði vísinda og tækni og þeirra krafna sem eru gerðar í tengslum við almannaheilbrigði og landbúnað ber að auka við II. viðauka við tilskipun 86/363/EBE varðandi ákvæðin um hámarksmagn fyrir fugl-segg og eggjarauður og ákveða mörk fyrir varnarefni sem þar eru talin upp. Til skilningsauka ber að leggja fram samræmda útgáfu fyrir þennan viðauka.

Af sömu ástæðum ber einnig að breyta tilskipunum 86/362/EBE og 86/363/EBE með því að bæta við ákvæðum er varðar aðrar varnarefnaleifar fyrir kornvörur og matvæli úr dýraríkinu, þ. e. asefat, benómýl, karbendasím, klórþýrífós, klórþýrífós-metýl, klórþalóníl, sýpermetrín, deltametrín, fenvalerat, glýfosat, ímasalíl, ípródíon, mankóseb, maneb, metamídófós, metíram, perimetrín, prósíymídón, própíneb, þíófanat-metýl, vínklósólín, síneb.

Þó eru tiltæk gögn ófullnægjandi að því er varðar ákveðnar samsetningar varnarefna fyrir kornvörur. Ekki lengri en fjögurra ára frest þarf til þess að afla slíkra gagna. Því ber að ákveða hámarksmagn á grundvelli slíkra gagna eigi síðar en 1. janúar 1998. Reynist ekki unnt að afla fullnægjandi gagna fyrir þann tíma verða mörkin ákveðin með hliðsjón af gildandi greiningarmörkum.

Til þess að meta betur inntöku varnarefnaleifa með fæðu ber að ákveða samtímis, ef unnt er, hámarksmagn einstakra varnarefnaleifa í öllum meginefnisþáttum fæðunnar. Þessi mörk svara til notkunar lármarksmagns varnarefna sem þörf er á og notuð eru þannig að magn leifa verður eins lítið og unnt er og ásættanlegt í eiturefnafræðilegu tilliti.

Endurskoða verður hámarks magn varnarefnaleifa sem ákveðið er í þessari tilskipun með hliðsjón af endurmati á virkum efnum sem kveðið er á um í starfsáætlun í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna <sup>(1)</sup>.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*I. gr:*

Tilskipun 86/362/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í stað I. viðauka komi eftirfarandi:

CN – kóði	Lýsing
úr 1001	Hveiti
1002 00 00	Rúgur
1003 00	Bygg
1004 00	Hafrar
1005	Maís
1006	Hrísgjón
1007 00	Dúrri
úr 1008	Bókhveiti, hirsí og aðrar korntegundir

2. Eftirfarandi varnarefnaleifum skal bætt við A-hluta í II. viðauka:

Varnarefnaleifar	Hámarks magn í mg/kg (ppm)
20. ASEFAT	0,02*
21. BENÓMÝL	a) : bygg
22. KARBENDASÍM	0,1 : annað korn
23. ÞÍÓFANAT-METÝL	
} samtala gefin upp sem karbendasím	
24. KLÓRPÝRÍFÓS	b) : bygg 00,5* : annað korn
25. KLÓRPÝRÍFÓS-METÝL	0,05 : hrísgrjón
26. KLÓRTALÓNÍL	0,1 : hveiti, rúgur, bygg, hafrar og rúghveiti 00,1* : annað korn
27. SÝPERMETRÍN, þar með taldar aðrar blöndur af ísómerum (samtala ísómera)	b) : hveiti, bygg, hafrar og rúgur 0,05 : annað korn
28. DELATMETRÍN	1
29. FENVALERAT, þar með taldar aðrar blöndur af ísómerum (samtala ísómera)	b) : bygg, hafrar, rúgur og rúghveiti 0,05 : annað korn
30. GLÝFOSAT	5 : hveiti, rúgur og rúghveiti 20 : bygg og hafrar 0,1* : annað korn
31. ÍMASALÍL	0,02*
32. ÍPRÓDÍON	0,5 : hveiti c) : hafrar og hrísgrjón 0,02* : annað korn

(\*) Sýnir lægra mark greiningarákvörðunar.

a), b), c) Ef engin mörk hafa verið sett fyrir 1. janúar 1998 gildir eftirfarandi hámarks magn

a) : 0,1\*

b) : 0,05\*

c) : 0,02\*.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 230, 19. 8. 1991, bls. 1.

Varnarefnaleifar	Hámarks magn í mg/kg (ppm)
33. MANKÓSEB	0,05* : maís og hrísgrjón b) : annað korn
34. MANEB	
35. METRÍRAM	
36. PRÓPÍNEB	
37. SÍNEB	
} samtala gefin upp sem karbendasím	
38. METHAMÍDÓFÓS	0,01*
39. PERMETRÍN (samtala ísómera)	0,2 : maís 2 : annað korn
40. PRÓSÝMÍDÓN	0,02*
41. VÍNKLÓSÓLÍN (samtala af vínklosólíni og öllum niðurbrotsefnum sem innihalda 3,5-díklóróanólín móletý, sýnt sem vínklosólín	0,05*

(\*) Sýnir lægra mark greiningarákvörðunar.

a), b), c) Ef engin mörk hafa verið sett fyrir 1. janúar 1998 gildir eftirfarandi hámarks magn

b) : 0,05\*

## 2. gr.

Tilskipun 86/363/EBE er breytt sem hér segir:

### 1. Í stað I. viðauka komi eftirfarandi:

CN – kóði	Lýsing
0201	Kjöt af dýrum af nautgripakyni, nýtt eða kælt
0202	Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst
0203	Svínakjöt, nýtt, kælt eða fryst
0204	Kinda- eða geitakjöt, nýtt, kælt eða fryst
0205 00 00	Kjöt af hrossum, ösnum, múlósnum eða múldýrum, nýtt, kælt eða fryst
0206	Ætir hlutar af dýrum af nautgripakyni, svínnum, kindum, geitum, hestum, ösnum, múlósnum eða múldýrum, nýtt, kælt eða fryst
0207	Kjöt og ætir hlutar af alifuglum í nr. 0105 (hænsnum af tegundinni <i>Gallus domesticus</i> , öndum, gæsnum, kalkúnnum og perluhænsnum), nýtt, kælt eða fryst
úr 0208	Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst
0209 00	Svínafitu án magurs kjöts og alifuglafitu (óbrædd), ný, kæld, fryst, söltuð, í saltlegi, þurrkuð eða reykt
0210	Kjöt og ætir hlutar af dýrum, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt; ætt mjöl, einnig fín malað, úr kjöti eða hlutum af dýrum
0401	Mjólk og rjómi, þó ekki kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætuefni
0402	Mjólk og rjómi, kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætuefni
0405 00	Smjör og önnur fitu og olíu fengið úr mjólk
0406	Ostur og ystingur
0407 00	Fuglsegg, í skurn, ný, varin skemmdum eða soðin
0408	Fuglsegg, skurnlaus, og eggjarauða, nýtt, þurrkað, soðið í gufu eða vatni, mótað, fryst eða varið skemmdum með öðrum hætti, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætuefni
1601 00	Pylsur og þess háttar, úr kjöti, öðrum hlutum eða dýrablóði: framleiðsla úr þessum afurðum
1602	Annað kjöt, hlutar af dýrum eða blóð, unnið eða varið skemmdum

## 2. fyrri viðauki verður II. viðauki A-hluti og er breytt og fram settur sem hér segir:

Varnarefnaleifar	Hámarks magn í mg/kg (ppm)			
	af fitu, sem er í kjöti, kjötvörum, öðrum hlutum og dýrafitu sem skráð eru í I. viðauka undir tollskrárnúmerum úr 0201, 0202, 0203, úr 0204, 0205 00 00, 0206, 0207, 0208, 0209 00, 0210, 1601 00 og 1602 <sup>(1)</sup> <sup>(4)</sup>	fyrir kúamjólki og nýmjólki skráða í I. viðauka undir tollskrárnúmeri 0401: fyrir önnur matvæli undir tollskrárnúmerum 0401, 0402, 0405 00 og 0406 samkvæmt <sup>(2)</sup> <sup>(4)</sup>	af skurmlausum nýjum eggjum, fyrir fuglasegg og eggjaraudur skráðar í I. viðauka undir tollskrárnúmeri úr 0407 00 og 0408 <sup>(3)</sup> <sup>(4)</sup>	
1. ALDRÍN	} stakt eða blandað, gefið upp sem díeldrín (HEOD)	0,2	0,006	0,02
2. DÍELDRÍN (HEOD)				
3. KLÓRDAN (samtala af sís- og transísómerum og oxíklórdan gefið upp sem klórdan)	0,05	0,002	0,005	
4. DDT (samtala af p,p'- DDT, o,p'-DDT, p,p'-DDE og p,p'-TDE (DDD) gefið upp sem DDT)	1	0,04	0,1	
5. ENDRÍN	0,05	0,0008	0,005	
6. HEPTAKLÓR (samtala af heptaklóri og heptaklór epoxíð, gefið upp sem heptaklór)	0,2	0,004	0,02	
7. HEXAKLÓRÓBENSEN (HKB)	0,2	0,01		
8. HEXAKLÓRÓSÝKLÓHEXAN (HKH)				
8.1. alfa-ísómer	0,2	0,004	0,02	
8.2. beta-ísómer	0,1	0,003	0,01*	
8.3. gamma-ísómer (lindan)	2	0,008	0,1	
	úr 0204 kindakjöt aðrar afurðir			
9. KLÓRPÝRÍFÓS	0,05*	0,01*	0,01*	
	0207 Alifuglakjöt			
10. KLÓRPÝRÍFÓS-METÝL	0,05*	0,01*	0,01*	
11. SÝPERMETRÍN þar með taldar aðrar blöndur úr efnisþáttum ísómera (samtala ísómera)	0,05*			
	0207 Alifuglakjöt 0,2 aðrar afurðir			
12. DELTAMETRÍN	0,05		0,05	
	0207 Alifuglakjöt			
13. FENVALERAT þar með taldar aðrar blöndur úr efnisþáttum ísómera (samtala ísómera)	a)	0,05	a)	
	0207 Alifuglakjöt 0,5 aðrar afurðir			
14. PERMETRÍN (samtala ísómera)	0,5	0,05	0,05	

\* Sýnir lægra mark greiningarákvörðunar.

<sup>(1)</sup> Þegar eiga í hlut matvæli með 10% fituinnihald eða minna miðast leifarnar við heildarþyngd úrbeinaðra matvæla. Í slíkum tilvikum er hámarks magnið einn tíundi af magninu miðað við fituinnihald, en verður að vera að minnsta kosti 0,01 mg/kg.

<sup>(2)</sup> Þegar ákveða skal leifamagnið í ógerilsneyddri kúamjólk og nýmjólk er miðað við 4% fituinnihald af þyngd. Fyrir ógerilsneydda mjólk og nýmjólk úr öðrum dýrum eru leifarnar gefnar upp miðað við fituinnihald.

Fyrir önnur matvæli skráð í I. viðauka undir tollskrárnúmerum 0401, 0402, 0405 og 0406 :

— með fituinnihald innan við 2% miðað við þyngd, er hámarks magnið helmingur af því sem sett er fyrir ógerilsneydda mjólk og nýmjólk.

— með fituinnihald 2% eða meiri miðað við þyngd, er hámarks magnið gefið upp í mg/kg af fitu. Í slíkum tilvikum er hámarks magnið 25 sinnum það sem sett er fyrir ógerilsneydda mjólk og nýmjólk.

<sup>(3)</sup> Fyrir egg og eggafurðir með meira en 10% fituinnihald er hámarks magn gefið upp í mg/kg af fitu. Í slíkum tilvikum er hámarks magnið 10 sinnum það sem sett er fyrir ný egg.

<sup>(4)</sup> 1., 2. og 3. neðanmálsgrein gildir ekki þegar lægra mark greiningarákvörðunar er gefið upp.

a) Ef engin mörk hafa verið sett fyrir 1. janúar 1998 gildir eftirfarandi hámarks magn: 0,05\*.

## 3. Eftirfarandi bætist við II. viðauka:

## „B-hluti

Varnarefnaleifar	Hámarks magn í mg/kg (ppm)		
	af fitu, sem er í kjöti, kjötvörum, öðrum hlutum og dýrafitu sem skráð eru í I. viðauka undir tollskrárnúmerum úr 0201, 0202, 0203, 0204, 0205 00 00, 0206, 0207, úr 0208, 0209 00, 0210, 1601 00 og 1602	fyrir mjólk og mjólkurvörur skráðar í I. viðauka undir tollskrárnúmeri 0401, 0402, 0405 00 og 0406	af skurnlausum nýjum eggjum, fyrir fuglsegg og eggjarauður skráðar í I. viðauka undir tollskrárnúmeri úr 0407 00 og 0408
1. ASEFAT	0,02*	0,02	0,02*
2. BENÓMÝL	} samtala gefin upp sem karbendasím	0,1*	0,1*
3. KARBENDASÍM			
4. ÞÍÓFÓNAT			
METÝL			
5. KLÓRÓTALÓNÍL	0,01*	0,01*	0,01*
6. GLÝFOSAT	0,5 úr 0206 svínányrum 2 úr 0206 nautgripa, geita og kindányrum	0,1*	0,1*
7. ÍMASALÍL	0,02*	0,02*	0,02*
8. MANKÓSEB	} samtala gefin upp sem CS <sub>2</sub>	0,05*	0,05*
9. MANEB			
10. METÍRAM			
11. PRÓPÍNEB			
12. SÍNEB			
13. METAMÍDÓFÓS	0,01*	0,01*	0,01*
14. ÍPRÓDÍÓN	} (samtala af samböndum og öllum niðurbrotsefnum sem innihalda 3,5-díklóranílín hlutann sem gefinn er upp sem 3,5 díklóranílín	0,05*	0,05*
15. PRÓSÝMÍDÓN			
16. VINKLÓSÓLÍN			

(\*) Sýnir lægra mark greiningarákvörðunar.

3. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1993.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 29. júní 1993.

Fyrir hönd ráðsins,

S. AUKEN

forseti.